



Siðareglur kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar

Tilgangur

1. Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Akureyrarbæjar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Akureyrarbæ.

Staða og ábyrgð

2. Kjörnir fulltrúar láta ákvarðanir sínar einungis ráðast af lögum, reglum bæjarstjórnar og sannfæringu sinni í störfum sínum fyrir Akureyrarbæ. Þeir gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að velferð bæjarbúa.
3. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim eða Akureyrarbæ til vanvirðu og álitshnekkis. Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af heiðarleika og kurteisi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsfólki sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ógnandi eða annarri vanvirðandi framkomu.
4. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðar stjórnsýslu, m.a. um gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Akureyrarbæjar. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Akureyrarbæjar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum.
5. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins.
6. Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar varðandi málefni íbúa og viðskiptavina sem þeir verða áskynja í starfi og trúnaður gildir um svo lengi sem sá trúnaður samrýmist lögum. Kjörnir fulltrúar virða einnig trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Akureyrarbæjar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Hagsmunaárekstrar

7. Kjörnum fulltrúum ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, venslamanna, skjólstaðinga eða annarra sem tengjast þeim svo sérstaklega að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum eða valdi tortryggni. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til eigin hagsbóta.
8. Ekki er heimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Akureyrarbæjar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins, sem túlka má sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda.

Kjörnir fulltrúar mega þó þiggja gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning vegna starfa sinna þar sem hagsmunir fyrstu málgreinar eru ekki fyrir hendi en lagt er til að þeir birti það í hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa.

9. Til að auka gagnsæi og traust á störf kjörinna fulltrúa er lagt til að aðal- og varamenn í bæjarstjórn fylli út hagsmunaskráningu innan þriggja mánaða eftir að þeir eru kjörnir.
10. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Akureyrarbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsfólk geri neitt sem hefur þann tilgang að verða til hagsmunalegs ávinnings fyrir kjörna fulltrúann eða aðila, ákveðna hópa eða fyrirtæki nátengd honum.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

11. Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar reglur með undirritun sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglur skulu aðgengilegar starfsfólki, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2012

Samþykkt í bæjarstjórn 18. desember 2012

Samþykkt í bæjarstjórn 17. september 2019